

Framboð til kirkjuþings

Jóhanna Gísladóttir

3. kjördæmi vígðra
Hólakjördæmi

Ágætu kollegar í Hólakjördæmi,

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu á kirkjuþingi á komandi kjörtímabili.

Aðeins um mig

Ég hef starfað í tvo áratugi á kirkjulegum vettvangi við ýmis störf, meðal annars sem æskulýðs- og fræðslufulltrúi og í ellefu ár sem vígður prestur.



Ég vígðist til þjónustu í Langholtskirkju í Reykjavík árið 2015 og starfaði þar til ársins 2019 þegar ég fékk stöðu sóknarprests við Laugarlandsprestakall og við fjölskyldan fluttumst norður í Eyjafjarðarsveit.

Ég er svo lánsöm að starfa í dag sem prestur bæði í dreifbýli og þéttbýli, ég þjóna í blómlegri sveit og í bæ sem iðar af mannlífi. Ég þekki því vel til starfa í stórum söfnuðum en einnig að vera einyrki í sveit þar sem presturinn gengur í öll verk.

Helstu áherslumál

Ég tel afar brýnt að bæta vinnuumhverfi presta og djákna í hinum dreifaðri byggðum landsins með það að markmiði að gera eftirsóknarvert fyrir vígða sem óvígða að starfa á landsbyggðinni. Mikilvægt er að kirkjuþing styðji biskup og biskupsstofu til eflingar þjónustu kirkjunnar í dreifbýli með öllum mögulegum leiðum.

Styðja þarf með markvissari hætti við sóknir og sóknarnefndir landsins og eyða óvissu í fjármálum sókna. Einnig þurfum við fyrr en síðar að hefja stefnumótun til framtíðar er snýr að kirkjubyggingum víðs vegar um land og viðhaldi þeirra.

Ljóst er að endurskoða þarf tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar í samvinnu við alla hagsmunaðila.

Endurskoðun á vígðri þjónustu víðs vegar um land stendur fyrir dyrum og mikilvægt er að raddir dreifbýlisins heyrast skýrt í því ferli. Aðstæður sókna og starfsfólks utan þéttbýlis þurfa aukið vægi í stefnumótun og ákvörðunum kirkjunnar. Í því samhengi er ég talskona þess að boð komi ekki að ofan er snýr að breytingum í héraði heldur séu þær unnar í samtarfi við heimafolk og með skýr markmið að leiðarljósi.

Önnur menntun og reynsla

Ég hef lokið diplómu á meistarastigi í sálgæslu, diplómu í safnaðaruppbyggingu með áherslu á þjónustu við fjölskyldur frá Cliff College í Bretlandi, ég er faggildur sáttamiðlari og er í námi í mannauðsstjórnun við Háskólann á Akureyri.

Ég sit í héraðsnefnd Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis, er í stjórn Prestafélags hins forna Hólastiftis, hef setið í stjórn PÍ, í jafnréttisnefnd Þjóðkirkjunnar og var formaður Félags prestsvígðra kvenna í fjögur ár.

Ég yrði afar þakklát fyrir ykkar stuðning.

Verið staðföst, óbifanleg, síauðug í verki Drottins. (1Kor 15:58)